

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í stofu M-102 fimmtudaginn 6. júní 2013 og hófst kl. 14.00. Sigrún Sigurðardóttir fundarstjóri setti fundinn og kynnti dagskrá hans.

### 1. Staða og starfsemi háskólans

Rektor hóf mál sitt á því að tilkynna að ársskýrsla skólans væri nú lögð fram samhliða ársfundi og jafnframt að þetta væri í þriðja sinn sem ársskýrslan er eingöngu gefin út rafrænt. Þakkaði hann Guðrúnu Maríu Kristinsdóttur ritstjóra sérstaklega fyrir vel unnið verk.

Árið 2012 var haldið upp á aldarfjórðungs afmæli háskólans á fjölbreyttan máta með dagskrá sem náði yfir allt árið. Allar starfseiningar skólans; fræðasviðin þrjú, háskólaskrifstofa sem og Félag stúdenta við HA, tóku að sér að standa fyrir viðburðum mánuð fyrir mánuð. Benti rektor á að í ársskýrslunni mætti finna myndir frá viðburðum. Af hápunktum ársins nefndi rektor veglega afmælishátíð sem haldin var í húsakynnum skólans þann 2. september og útgáfu ritsins *Háskólinn á Akureyri 1987-2012: afmælisrit* í ritstjórn Braga Guðmundssonar prófessors, sem kom út þann 1. desember. Það rit er mikilvæg söguleg heimild um vöxt og uppbyggingu skólans.

Um skipulagningu afmælisársins annaðist sérstök afmælisnefnd en hana skipuðu þau Ágúst Þór Árnason aðjunkt, Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri, Dagmar Ýr Stefánsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, Hermann Óskarsson dósent, Kristín Baldvinsdóttir nemi og Þorsteinn Gunnarsson fyrrverandi rektor sem jafnframt var formaður.

Að því loknu vék rektor að helstu atriðum í starfsemi háskólans á liðnu ári. Þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Fjölmargar reglur og stefnumál voru samþykkt árið 2012, m.a.:
  - stefna Háskólans á Akureyri 2012-2017
  - reglur um rannsóknamisseri kennara
  - stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum
  - samgöngustefna
  - umhverfisstefna
  - viðmið um veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni
  - reglur um framgang akademískra starfsmanna
  - reglur um leyfi til framhaldsnáms
- Aðsókn nemenda jókst enn á árinu 2012 og nýjustu tölur um innritun gefa vísbendingar um að fjöldi nemenda gæti farið yfir 1600.
- Fjöldi nemenda í deildum hefur haldist nokkuð stöðugur, þó má sjá samdrátt í kennaranáminu en aukningu í auðlindadeild.
- Námið er fjölbreytt og hafa sumir áhyggjur af því að kröftum skólans sé dreift um of, en með fjölbreytileikanum má tengja saman hinar mismunandi námslínur. Slík samkenntla undirbýr nemendur undir störf á vinnumarkaði þar sem ólíkur bakgrunnur og áherslur koma saman.
- Fjarkennsla er í stöðugri þróun og er nú um helmingur nemenda í fjarnámi. Háskólinn hefur byggt upp öflugt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög, háskólasetur og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um land allt enda koma nemendur víða að.

- Stöðug aukning er í framhaldsnám og er meistaranám í boði í öllum deildum háskólans. Næsta skref er að koma af stað skipulögðu doktorsnámi við skólann.
- Rannsóknamisseri komust aftur á við skólann eftir tímabundið hlé vegna niðurskurðar. Rannsóknarmisserin eru mikilvæg til að efla og styðja við rannsóknarvirkni kennara en birting ritrýndra fræðigreina er einn helsti mælikvarði á rannsóknarvirkni háskóla.
- Alls voru 78 skiptinemar frá 18 löndum skráðir í HA og 29 nemendur HA fóru til skiptináms í 16 löndum. Þrettán kennarar og starfsmenn skólans fóru erlendis í kennara- eða starfsmannaskipti í gegnum Erasmus og Nordplus og HA tók á móti ellefu erlendum kennurum í skiptum.
- Innleiðing Uglu, sameiginlegs upplýsingakerfis opinberu háskólanna, hófst á vormánuðum 2012 eftir undirbúningsvinnu ársins á undan. Yfirfærslan hefur tekið lengri tíma en áætlað var en stöðugt er unnið að uppfærslum og viðbótum í kerfinu og verður því haldið áfram þar til kerfið fullnægir þörfum háskólans.
- Töluverður uppgangur var í norðurslóðamálum. Fjölmargir aðilar sóttu skólann heim og voru málefni norðurslóða þar yfirleitt í forgrunni. Stjórnendur og vísindamenn frá háskólanum Pierre et Marie Curie skrifuðu undir viljayfirlýsingu við HA um samstarf í þessum málum. Einnig komu aðilar frá kínversku heimskautarannsóknarstofnuninni í heimsókn á ísbrjótnum Snædrekanum en stefnt er að vísindalegu samstarfi við þá.
- Auglýst var staða gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri sem kostuð er af norska utanríkisráðuneytinu og nær til næstu þriggja ára.
- Unnið var að undirbúningi Norðurslóðanets Íslands í samvinnu við aðila á Norðurlandi og er það verkefni fjármagnað af 20/20 landshlutaáætlun.
- Gæðamál háskólans voru ofarlega á baugi og á árinu var sett af stað fimm ára skipulagt úttektarferli samkvæmt „Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education“. Gæðastjóri skipulagði ráðstefnu Bologna sérfræðinga við HA í maí mánuði og Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri stóð fyrir ráðstefnu stúdentahreyfinganna á Íslandi um gæðamál íslenskra háskóla í október. Þá hlaut háskólinn Diploma Supplement viðurkenningu (DS Label) en það er vottun þess að skírteinisviðaukar með prófskírteinum stúdenta við brautskráningu eru samkvæmt fyrirmælum Evrópusambandsins. Í því felst trygging fyrir því að nám við HA er metið á alþjóðavettvangi, hjá menntastofnunum og á vinnumarkaði.
- Útboð fór fram á smíði 5. áfanga á Sólborg og hófust framkvæmdir um haustið. Um er að ræða 700 fm skrifstofubyggingu.
- Samstarfsnet opinberra háskóla skrifaði undir samning um samnýtingu kennsluskyldu kennara sem taka að sér kennslu í fleiri en einum skóla og menntamálaráðherra lögfesti samstarfsnetið með breytingum á lögum um opinbera háskóla.

Árið 2012 var fjórða árið í röð sem háskólinn þurfti að mæta niðurskurði á opinberu framlagi en fjárhagsleg staða skólans er þó á uppleið. Starfsemin byggir á traustum grunni, stefnt er uppávið og leitast verður við að tryggja sjálfstæði háskólans og skerpa áherslur á sérstöðu hans og gæðum.

Rektor notaði að lokum tækifærið og þakkaði starfsfólki skólans fyrir mjög gott samstarf og þakkaði jafnframt fjölmörgum samstarfsaðilum og velunnurum háskólans fyrir þeirra stuðning.

## 2. Rekstur háskólans

Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsviðs gerði grein fyrir rekstri háskólans árið 2012 í fjarveru framkvæmdastjóra. Í rekstrarreikningi ársins 2012 kom fram að

sértekjur háskólans hækkuðu úr 367,7 mkr. árið 2011 í 378,2 mkr. árið 2012. Á sama tíma jukust rekstrargjöld úr 1.668 mkr. í 1.759 mkr. Tekjuafgangur ársins voru 15,5 mkr. á móti 14,6 mkr. tekjuafgangi árið 2011. Í efnahagsreikningi í árslok 2012 kom fram að eigið fé skólans var neikvætt um 20,5 mkr. og að skuld háskólans við ríkissjóð voru 136,6 mkr. Eignir skólans námu 268,2 mkr.

Í lok framsögu kom fram í máli hans að síðustu ár hefði tekist að sníða rekstur skólans að fjárveitingum og tekjum og eiga starfsmenn HA því miklar þakkir skyldar fyrir þrautseigju og þolinmæði á þessum niðurskurðartímum.

### **Fyrirspurnir, umræður**

Þórir Sigurðsson spurði út í stöðu raunvísinda við háskólann með hliðsjón af umræðu um þörf á aukinni tæknimenntun í landinu.

Rektor svaraði því til að ekki væru neinar áætlanir um að byggja sérstaklega upp raunvísindi innan skólans heldur í samstarfi við aðra aðila. Hann nefndi t.d samstarfsverkefni HA og Verkmenntaskólans á Akureyri um uppbyggingu verk- og tæknináms við VMA.

### **3. „Það fer enginn í þetta ótilneyddur“. Starfendarannsókn ráðgjafa á innleiðingarferli aðalnámskrár grunnskóla.**

Helga Rún Traustadóttir og Sólveig Zophoníasdóttir sérfræðingar við Miðstöð skólaþróunar sögðu frá fyrsta áfanga starfendarannsóknar en miðstöðin stýrir innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í tíu grunnskólum á Akureyri skv. samningi við Akureyrarbæ.

### **4. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og þakkaði fundarstjóri frummælendum framlag þeirra og fundarmönnum fundarsetuna. Fundi var slitið kl. 15.20.

Sigrún Sigurðardóttir fundarstjóri.

Ingveldur Tryggvadóttir fundarritari.